

Kæru félagar og vinir

Nú þegar samfélagið er að losna úr viðjum faraldursins er mikilvægt að við hefjum umræðu um stjórnsmál. Stjórnsmálaumræða hefur að mestu legið í dvala á Íslandi í 15 mánuði.

Reyndur fjölmiðlamaður orðaði það þannig við mig fyrir tveimur mánuðum eða svo að það væri enginn stemning fyrir pólitískum ágreiningi og því væri ekki sagt frá honum.

Ríkisstjórninni hefur liðið vel í skjóli faraldursins og treystir nú á að vandræðagangurinn á fyrstu árum kjörtímabilsins og svikin kosningaloforð hafi gleymst.

Nánast frá fyrsta degi faraldursins hafa ráðandi stjórnvöld um alla Evrópu styrkt stöðu sína, en þeir sem áður voru leiðandi í andstöðu við ríkjandi stjórn og nýir flokkar hafa nánast alls staðar goldið fyrir.

Sum ykkar hafið séð myndirnar sem ég safnaði saman af stjórnsmálaþróun í hinum ýmsu Evrópulöndum. Þær segja allar sömu sögu.

Það er mannlegt eðli að styðja ríkjandi stjórnvöld á hættutímum. En nú bíða stór verkefni og þau verða ekki leyst farsællega nema með rökræðu þar sem ólíkar hugmyndir og lausnir takast á.

Nú er tímabært að gera upp kjörtímabilið og ræða öll þau stóru samfélagsmál sem hafa beðið óleyst. Mál sem hafa verið aðkallandi frá upphafi kjörtímabilsins og lengur.

Á kjörtímabilinu höfum við sem stjórnarandstöðuflokkur verið í hlutverki varnarliðs. Á því næsta þurfum við að hefja sókn fyrir landið.

Þótt ríkisstjórnin hafi setið í skjóli faraldursins og notið stuðnings á meðan á honum stóð, jafnvel frá okkur - í þinginu, er vert að minnast þess að sá stuðningur var afleiðing faraldursins. Nú þegar líður að kosningum má ekki gleyma því sem núverandi ríkisstjórn hefur staðið fyrir og því sem hún hefur vanrækt.

Þótt það sé alltaf skemmtilegra að ræða lausnirnar en vandamálin er nauðsynlegt að byrja á því að meta stöðuna og hvað hefur gerst til að geta brugðist við á réttan hátt.

Í þessari ræðu ætla ég því að einbeita mér að því að gera upp kjörtímabilið og benda á hvar úrbóta er þörf til að geta svo lagt alla áherslu á lausnirnar þegar við hittumst innan skamms maður á mann.

Við höfum setið uppi með ríkisstjórn sem skilgreindi sig strax í upphafi sem kerfisstjórn. Stjórn sem ætlaði ekki að taka á stórum pólitískum málum heldur leyfa tannhjólum kerfisins að hafa sinn gang.

Það erfiðasta við stjórnarmyndunarviðræðurnar var að ákveða hvernig ætti að skipta ráðherrastólum.

Stjórnin fór af stað á þann hátt sem hún hafði boðað og meirihluti þeirra mála sem lögð voru fram í fyrstu þingmálaskránni voru frumvörp frá síðustu ríkisstjórn.

Það átti sem sagt ekki að skipta miklu máli hvað fólk kaus, niðurstaðan yrði sú sama, kerfið fengi að ráða.

Ríkisstjórnarflokkarnir voru glaðir, alla vegar ráðherrarnir, að fá sína stóla og tækifæri til að raða rétta fólkinu inn í stjórnkerfið.

Grunnstefna flokkanna og kosningaloforðin fóru fyrir lítið. Í mörgum tilvikum hafa stjórnarflokkarnir, að minnsta kosti tveir þeirra, farið þvert á eigin stefnu.

En nú má sjá að það líður að kosningum. Ráðherrar og þingmenn meirihlutans hlaupa nú umvörpum frá málum sem búið var að samþykkja í ríkisstjórn og á þingflokksfundum stjórnarliðsins. Mörg þessara mála hefðu flotið í gegn ef ekki hefði verið fyrir andstöðu Miðflokksins.

Það væri búið að taka stóran hluta landsins undan lýðræðislegri stjórn og hálfloka hálendinu fyrir landsmönnum ef Miðflokkurinn hefði ekki komið í veg fyrir það.

Einungis fulltrúi Miðflokksins sagði sig frá undirbúningsvinnunni þegar ljóst var í hvað stefndi. Fulltrúar allra hinna flokkanna samþykktu málið. Ríkisstjórnin samþykkti það, og þingflokkar allra stjórnarflokkanna samþykktu það.

Forseti Alþingis sagði að við værum að tala fyrir hönd örlítills grenjandi minnihluta.

En eftir því sem umræða um málið jókst, jókst andstaðan meðal almennings. Það hefði ekki gerst ef ekki hefði verið fyrir andstöðu okkar.

Nú dúkka ráðherrar allt í einu upp og segjast hafa fyrirvara við málið.

Það sama átti við um orkupakkann. Því meira sem málið var rætt þeim mun meiri varð andstaðan við það og stuðningurinn við afstöðu okkar.

Þetta höfum við séð hvað eftir annað. Þegar umræðan færir frá framsetningunni og að innihaldinu sannar málflutningur okkar gildi sitt.

Hið galna Borgarlínuverkefni og breytt afstaða til þess er dæmi um þetta.

Þar vorum við, eins og svo oft, ein til varnar og þau einu sem ræddu eðli málsins frekar en ímynd og yfirbragð.

Við þurftum að pína meirihlutann til að setja inn klausu um að hagsmuna ríkisins yrði gætt og að það væri ekki sjálfgefið að ríkið myndi verja endalausum peningum í rekstur Borgarlínu á sama tíma og þrengt er að annarri umferð.

Við komum í veg fyrir að ríkið tæki sjálfsákvörðunarrétt af íbúum minni sveitarfélaga en til stóð að þvinga þau til sameiningar.

Margt fleira mætti nefna og enn er tekist á um umdeild mál á þinginu.

Hvað eftir annað höfum við skorið okkur úr á þessu kjörtímabili sem flokkurinn sem ræðir innihald og raunverulegar afleiðingar mála fremur en umbúðir og yfirlýst markmið.

Oft hafa atkvæði í þinginu fallið 54-9 og ég þá stundum haft orð á því að það væru fyrst og fremst tveir flokkar á Alþingi. Miðflokkurinn og Samtryggingin.

Þetta sáu sífellt fleiri og stuðningur við okkur jókst jafnt og þétt þar til Covid tók stjórn málin úr sambandi. Nú er tímabært að tengja aftur.

Stjórnarflokkarnir treysta hins vegar á að svikin kosningaloforð og ýmis vafasöm mál séu nú gleymd.

Aftur skal endurvinna svikna stefnu samhliða því að dreifa kosningavíxlum eða peningum sem urðu til með einstökum aðgerðum ríkisstjórnar árána 2013-16.

Sá árangur kom ekki af sjálfum sér. Hann var afleiðing lausnamiðaðra pólitískra ákvarðana og pólitískrar forystu. Ekki ímyndarstjórn mála og kerfisræðis.

Merkilegast er þó að nú ber í auknum mæli á því að ráðherrar og þingmenn meirihlutans lýsi sig sammála okkur en geri svo eitthvað allt annað í atkvæðagreiðslu. Það á t.d. við um breytt fyrirkomulag vegna hælisleitenda.

Þessu er öðruvísi háttað hjá Miðflokknum. Við gerum það sem við segjumst ætla að gera.

Við erum ekki í pólitík bara til að hafa stól og bíl og aðgang að kjötkötlunum.

Við erum í þessu vegna þess að við trúum á stefnuna og mikilvægi þess að landinu sé stjórnað af skynsemi og á lýðræðislegan hátt.

Við trúum því að í lýðræði eigi kjósendur að ráða hvaða stefna verður ofan á og það sé skylda stjórnámálanna að standa við þau fyrirheit sem þeir eru kosnir út á.

-

Reyndar er einn stjórnarflokkur, Vg, sem gleymdi ekki alveg sinni pólitík. Að minnsta kosti verri hluta stefnunnar.

Hinir létu sig hafa það af því að þeir bara þurftu að vera í ríkisstjórn, hafa ráðherrastólinn og bílinn.

Ríkisstjórn sem fór af stað sem kerfisstjórn þróaðist fljótt út í að verða rétttrúnaðarstjórn.

Í því efni láta hinir stjórnarflokkarnir að því er virðist allt yfir sig ganga. Líklega er það orðið auðveldara fyrir þá en ella því þeir hafa sjálfir þróað hratt í þá átt. Í átt að nýaldarstjórnámálunum.

Við sitjum þannig uppi með ríkisstjórn sem vill banna plastpoka en leyfa eiturlyf.

Í heilbrigðismálum hefur sósíalísk kerfisstefna ráðið för.

Sjálfstæðisflokkurinn situr aðgerðalaus hjá á meðan biðlistar lengjast og fólk er sent til útlanda í aðgerðir sem kosta fyrir vikið þrefalt meira en ef þær væru framkvæmdar á sams konar stofnun á Íslandi.

Fyrirverandi landlæknir benti á, áður en hann varð aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, að það væri hægt að bæta endalaust fjármagni í heilbrigðiskerfið án þess að það geri gagn, það geti jafnvel orðið til tjóns, ef kerfið sjálft væri ekki lagað.

Nýjustu fréttirnar eru þær að vegna andstöðu stjórnvalda við sjálfstæðan rekstur standi til að loka Domus Medica eftir 55 ára mikilvægt starf. Það mun ekki hjálpa Landspítalanum.

Framsóknarflokkurinn var fljótur að fórna kosningarloforðum um að byggður yrði nýr spítali á nýjum stað.

Undanfarin ár hafa aðgerðir vegna myglu í húsnæði spítalans kostað tæpan milljarð á ári.

Skrifstofurými er rífið þegar vart verður við myglu, velferðarráðuneytið flúði sitt húsnæði vegna myglu en þegar það gerist á þjóðarsjúkrahúsinu er bara byggt við það.

Á sama tíma og við höfum verið að takast á við hættulegan faraldur með öllum tiltækum ráðum ákvað ríkisstjórnin að lögleiða annan ekki síður hættulegan faraldur og boðar einhverja umsvifamestu lögleiðingu fíkniefna í víðri veröld.

Að þessu stendur Framsóknarflokkurinn sem eitt sinn boðaði fíkniefnalaust Ísland árið 2000 og Sjálfstæðisflokkurinn sem einhvern tímann skilgreindi sig sem flokk laga og reglu.

Lögleiða á svo kallaða *neysluskammta* allra mögulegra eiturlyfja en þó getur heilbrigðisráðherrann ekki svarað því hvað er neysluskammtur.

Neysluskammtur eins getur verið banabiti annars. Hugsanlega verður miðað við 10 daga birgðir segir ráðherrann.

Takist ríkisstjórninni að koma málinu í gegn kemur upp sú sérkennilega staða að lögreglan getur tekið bjórdós af 18 ára ungmenni en ef sá hinn sami er með 10 poka af kókaíni má ekki einu sinni setja ofan í við hann.

En plastið, það skal bannað.

Allt að 95% af því plasti sem rennur í hafið kemur úr aðeins tíu stórflyótum. En af því að einhverjir stunda það að henda rusli í Yangze fljót skal Íslendingum bannað að nota plastpoka.

Í umhverfismálum ræður sýndarmennskan för en sú sýndarmennska bitnar á almenningi.

Einhverjir áhorfendur muna e.t.v. eftir fyrstu landsþingsræðunni minni þar sem ég talaði nánast eingöngu um umhverfismál.

Það gerði ég vegna þess að umhverfismál eru mikilvæg og vegna þess að sá málaflokkur er lýsandi fyrir hvernig stjórnsmál samtímans taka ekki á málum á grundvelli staðreynda og lausna heldur yfirborðsmennsku sem einkennist oft af meiri löngun til að nýta sér vandamálið en að koma með lausnirnar.

Ríkisstjórnin hefur stöðugt aukið framlög til loftslagsmála um milljarða á milljarða ofan og lofað nærri 50 milljörðum í viðbót í sérstakt átak sem almenningur á að fjármagna síðar.

Þó er mjög óljóst hvernig þessir peningar eiga að koma að gagni. Þeir munu því væntanlega renna í áframhaldandi sýndarmennsku.

Á sama tíma ákvað ríkisstjórnin að toppa allar erlendar ríkisstjórnir í markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að geta státað sig af því á fundum með erlendum fyrirmennum.

Vandinn er bara sá að Ísland hefur minna svigrúm en öll önnur lönd til að draga úr losun.

Það er vegna þess að við höfum náð einstökum árangri í að nýta umhverfisvæna orkugjafa.

Önnur lönd geta fært sig úr kolum yfir í gas eða endurnýjanlega orkugjafa. Ef við ætlum að draga úr losun að því marki sem ríkisstjórnin áformar er það ekki hægt öðruvísi en að draga úr framleiðslu.

Þótt við legðum öllum bílaflota landsmanna myndi það hvergi nærri duga.

Allar athafnir okkar manna losa gróðurhúsalofttegundir. En hvergi eins lítið og hér á landi. Því meira sem við framleiðum á Íslandi, því betra fyrir loftslagið.

Nú þegar við þurfum á því að halda að auka verðmætasköpun á Íslandi og heimurinn þarf minni losun er galið að setja slíkar hömlur á framleiðslu, ekki bara hömlur heldur stórkostlegan niðurskurð.

Bretar státuðu sig af því að hafa komið losun niður í það sem hún var árið 1990. En þegar betur var að gáð, var það vegna þess að framleiðslan og þar með losunin hafði verið flutt til Kína þar sem kolabruni eykst ár frá ári og svo er siglt með vörurnar á svartolíubrennandi skipum til Bretlands.

Þáverandi fjármálaráðherra landsins áætlaði fyrir nokkrum árum að það myndi kosta alla vega 1000 milljarða punda að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2050. Það eru meira en 170.000 milljarðar króna.

Síðan þá hafa verið færð rök fyrir því að sú tala sé vanáætluð.

Hér ætla stjórnvöld að ná sama markmiði fyrir 2040 þrátt fyrir mun minna svigrúm. Það verður gert með síhækkandi refsisköttum, minni neyslu, sem sagt minni lífsgæðum og minni framleiðslu.

Og nú vilja þau lögbinda markmiðið.

Loftslagsmálin verða fyrst og fremst leyst með ræktun landsins og tækniframförum. Vonir standa til að á Íslandi verði hægt að binda kolefni í jarðlög í talsverðum mæli og uppfinningar Jóns Hjaltalíns Magnússonar gæti gert álframleiðslu kolefnishlutlausa.

Svo framarlega sem hún fer fram með endurnýjanlegum orkugjöfum. Ef álver yrði flutt frá Íslandi til Kína myndi losun tífaldast.

Aðferðir ríkisstjórnarinnar er rándýrar, til þess fallnar að færa framleiðslu annað og auka þannig losun, skaða íslenskt efnahagslíf og bitna fyrst og fremst á þeim tekjulægri.

Í samgöngumálum hefur það sama verið upp á teningnum. Í þeim málaflokki virðist borgarstjórnarmeirihlutanum hafa verið falið fullt vald. Borgarstjórinn hefur hvað eftir annað platað samgönguráðherrann og ríkisstjórnina til að samþykkja hverja þá vitleysu sem honum dettur í hug.

Hann útskýrði fyrir ríkisstjórninni að hún væri búin að samþykkja brotthvarf Reykjavíkurlflugvallar og fékk hana til að fallast á svo kallaðan samgöngusáttmála Höfuðborgarsvæðisins sem snerist fyrst og fremst um að ríkið tæki að sér að fjármagna helsta kosningaloforð Samfylkingarinnar í Reykjavík, Borgarlínuna svo kölluðu.

Fráleita framkvæmd með það yfirlýsta markmið að þrengja að umferð fjölskyldubílsins á Höfuðborgarsvæðinu, þótt bílarnir verði sífellt umhverfisvænni.

Ríkisstjórnin samþykkti að setja 50 milljarða í verkefnið til að byrja með án þess að fyrir lægi mat á því hver heildarkostnaðurinn verður svo ekki sé minnst á kostnaðinn við að reka rándýrt tvöfalt strætisvagnakerfi til framtíðar.

Til að fjármagna þessa eilífðarhít ákvað ríkisstjórnin að leggja undir eignarhlut í Íslandsbanka, eina verðmætustu eign ríkisins, Keldnalandið, og leggja veggjöld á þá sem munu í auknum mæli sitja fastir í umferðinni vegna Borgarlínunnar.

Reyndar er samgönguráðherrann búinn að snúast í svo marga hringi í afstöðu sinni til veggjalda að það er ómögulegt að segja hvar hann lendir næst. Það breytir því þó ekki að ráðherrann er búinn að gera sérstakan samning þar sem gert er ráð fyrir slíkum gjöldum.

Og nú segist reyndar menntamálaráðherra telja mikilvægt að vernda Keldur. Sami ráðherra og er ný búinn að samþykkja athugasemdarlaust að selja landið.

Samgönguráðherrann státar sig af því hvað hann geri ráð fyrir að margt muni gerast á næstu árum án þess að hafa staðið við fyrirheit kjörtímabilsins, hluti á borð við framkvæmdir við Egilsstaðaflugvöll.

Það eru greinilega að koma kosningar.

Nú heyrum við þingmenn og ráðherra stjórnarflokkanna gefa alls konar fyrirheit um hvað þeir ætli að gera næst oft í fullkominni andstöðu við það sem þeir hafa verið að gera undanfarin ár.

Þeir telja að hægt sé að leika sama leikinn endalaust, lofa öllu mögulegu og treysta á að enginn muni hvernig fór síðast og þarsíðast og hvað flokkarnir hafa verið að gera undanfarin ár.

Kjörorðið gæti verið; „Ekki meta okkur út frá því sem við gerum heldur því sem við segjumst ætla að gera“.

Stjórnarflokkarnir lofa því nú að allt mögulegt muni gerast eftir kosningar, boða útgjöld sem er ekki víst að þeir muni hafa neitt um að segja og dreifa kosningavíxlum eins og karamellum.

Þótt lítið hafi verið um efndir kosningaloforða hefur tíminn verið nýttur í aðgerðir sem margar geta valdið talsverðu tjóni.

Málefni hælisleitenda hafa verið í ólestri á Íslandi en aðgerðir ríkisstjórnar eru til þess fallnar að auka enn á vandann.

Á sama tíma og stjórnvöld annars staðar á Norðurlöndum leitast við að hindra að fólk komi til landanna til að sækja um hæli, en beina hælisleitendum þess í stað í hinn löglega örugga farveg, fer ríkisstjórn Íslands í þveröfuga átt.

Það er gert með því að allir sem fá hér hæli eða dvalarleyfi skuli eiga rétt á sömu fjárhagsaðstoð og þjónustu sama hvernig þeir koma, löglega eða



ólöglega. Hvort sem þeim er boðið hingað af stjórnvöldum eða koma á vegum hættulegra glæpagengja sem taka aleiguna af fólki og senda það í hættuför.

Lögreglan hefur bent á að meiri hluti þeirra sem koma til Evrópu í leit að hæli hafi þurft að greiða glæpagengjum eða setja sig í skuld við þau.

Í skýrslu greiningardeildar Ríkislögreglustjóra kemur líka fram með hvaða hætti glæpahópar misnota hælisleitendakerfið og velferðarkerfið á Íslandi.

Breytingar ríkisstjórnarinnar munu auðvelda þeim það og það bitnar fyrst og fremst á þeim flóttamönnum sem þurfa mest á hjálp að halda.

Þetta gerist nú þegar hlutfallslega sexfalt fleiri sækja um hæli á Íslandi en í Noregi og Danmörku. Það er afleiðing af þeim skilaboðum sem íslensk stjórnvöld hafa sent frá sér og nú ætla þau að senda frá sér stærstu auglýsinguna til þessa um Ísland sem áfangastað.

Þegar forsætisráðherra jafnaðarmanna í Danmörku segir að markmiðið sé að enginn komi til Danmerkur til að sækja um hæli er það ekki vegna þess að Danir vilji ekki hjálpa nauðstöddu fólki heldur vegna þess að markmiðið er að hindra að stórhættuleg glæpagengi selji Danmörku sem áfangastað.

Danir vilja taka vel á móti fólki en hafa sjálfir stjórn á því hverjir koma til landsins og hjálpa þeim sem þurfa mest á hjálp að halda.

Skipulögð glæpasamtök misnota ekki bara hælisleitendakerfið. Þau hafa nú yfirtekið fíkniefnamarkaðinn á Íslandi að miklu leyti og aukið framboð sterkra fíkniefna.

Skýrslur greiningardeildarinnar eru sláandi lesning og óskiljanlegt að þær hafi ekki vakið meiri athygli.

Í þeim birtist ítrekað ákall um að stjórnvöld bregðist við stóraukinni skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi og samfélagsbreytingum og geri lögreglunni kleift að takast á við þróunina.

Frá því að tímamóta skýrsla birtist árið 2017 hefur lítið gerst hjá stjórnvöldum. Dómsmálaráðherra segir reyndar að samráð milli lögregluembætta hafi verið aukið. Auk þess hafa verið haldin námskeið fyrir lögreglumenn og nema.

En lögreglumenn hafa sagt mér að áherslan sé á að senda þá á rétttrúnaðanámskeið í stað þess að hjálpa þeim að taka á þróuninni.

Í skýrslunum er ítrekað kallað eftir úrræðum, mannskap, tækni, þekkingu, fjárveitingum og aðstöðu sem dugi til að takast á við vandann.

Í stað þess að bregðast við neyðarkalli lögreglunar og taka á þeirri miklu ógn við samfélagið sem skipulögð glæpastarfsemi er orðin ákveður ríkisstjórnin að lögleiða eiturlyf og auðvelda glæpamönnum að misnota hælisleitendakerfið.

Ef ekki verður gert átak í geðheilbrigðismálum ungs fólks og í menntamálum hættum við á að mun fleiri leiðist á braut fíkniefnaneyslu.

Stór hluti barna í eldri bekkjum grunnskóla, einkum drengir, geta ekki lesið sér til gagns. Árangur Íslands í Písakönnunum, sem mæla námsárangur, hefur verið á niðurleið.

Stjórnvöld þurfa að ráðast í úrbætur í menntamálum og búa kennurum starfsumhverfi sem leyfir þeim að nýta sína miklu og góðu færni til fulls.

Eldri borgarar hafa verið vanræktir árum saman. Ósanngjarnar og oft óhagkvæmar skerðingar sem lífeyrisþegar og þeir sem reiða sig á greiðslur almannatrygginga búa við hafa ekki verið leiðréttar, nú mörgum árum eftir að stjórnvöld gáfu fyrirheit um það.

Kostnaðurinn við að leiðrétta þessa ósanngirni er mun minni en margir ætla enda felst í því mjög jákvæður hvati að stuðla að því að fólk geti unnið lengur og meira, þeir sem það vilja, og eins er mikilvægt að stuðla að sparnaði.

Núverandi fyrirkomulag gerir hvorugt, veitir hvorki hvata til verðmætasköpunar né sparnaðar. Í ljósi þess hversu mikið fé ríkisstjórnin hefur sett í hin ýmsu gæluverkefni sætir furðu að enn hafi ekki verið staðið við fyrirheit gagnvart eldri borgurum.

Það sama má segja um öryrkja þótt aðstæður þeirra séu á ýmsan hátt ólíkar og kalli á aðra nálgun.

Frá upphafi hefur Miðflokkurinn haft skýra sín á þessi mál og barist fyrir þeim úrbótum sem ég og þáverandi ríkisstjórn lofuðum á sínum tíma.

Nú fyrir komandi kosningar munum við kynna uppfærða og enn betri lausn á þessum málum.

Ekki aðeins hefur ríkisstjórnin litið í of miklum mæli fram hjá kjörum eldri borgara. Hún virðir ekki heldur það sem eldri kynslóðir kunnu að meta, þau gildi og þær grundvallarreglur sem skilað hafa samfélaginu einstökum árangri.

Fullveldismál virðast ekki vera í tísku hjá öðrum flokkum en Miðflokknum. Ríkisstjórnin virðist ekki einu sinni treysta sér til að nýta þau ákvæði EES samningsins sem ætlað var að tryggja að við þyrftum ekki að una erlendu regluverki sem gengi sérstaklega gegn hagsmunum þjóðarinnar.

Með þriðja orkupakkanum voru flóðgáttir opnaðar og Evrópusambandinu gert kleift að ganga jafnt og þétt á stjórn orkumála á Íslandi í samræmi við markmið pakkans. Og nú er sá fjórði á leiðinni en verður sem betur fer ekki afgreiddur fyrir kosningar.

Það skiptir augljóslega máli að sú ríkisstjórn sem tekur við fjórða pakkanum verði reiðubúin að verja fullveldisrétt okkar.

Í vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar tók ég ekki í mál að svo kallað fullveldisákvæði yrði numið úr stjórnarskránni. Og sem betur fer var dregið í land með það ...í bili að minnsta kosti.

Fullveldi landsins kom ekki af sjálfu sér og það varðveitist ekki af sjálfu sér. Við þurfum að standa vörð um það! og beita því eins og Íslendingar hafa gert með góðum árangri í meira en heila öld.

Þegar sigur vannst í deilunum um Icesave og þegar efnahag landsins var bjargað, og raunar umturnað til hins betra, með uppgjöri slitabúanna, var það gert í krafti fullveldisréttarins og getu okkar til að verja hagsmuni samfélagsins.

En Evrópusambandið færir sig sífellt upp á skaftið.

Nú liggur fyrir frumvarp ríkisstjórnarinnar um að fela Evrópusambandinu vald yfir því hvaða sjónvarpsefni við megum horfa á. Lögin fela líka í sér ótrúlegt ritskoðunarvald erlendrar nefndar, jafnvel yfir umræðu á samfélagsmiðlum.

Þótt yfirlýst markmið sé að koma í veg fyrir svo kallaða hatursorðræðu höfum við séð á undanförunum árum hversu hratt slíkt vald er útvíkkað og notað sem tillíástæða til að banna umræðu.

Ekki er langt síðan bannað var að nefna það á samfélagsmiðlum að kórónuveiran væri hugsanlega manngerð og hefði sloppið út af rannsóknarstofu. Nú telja vísindamenn og stjórnvöld víða á Vesturlöndum

líklegt að sú hafi verið raunin. Ef það reynist rétt þýðir það að fólki hafi verið bannað að segja sannleikann.

Þótt margri vitleysunni sé haldið fram á internetinu er hættulegt að banna frjálsa umræðu. Það gengur gegn grundvallargildum frjálslýndis og þeirri trú að rökræða sé besta leiðin til að leiða hið rétta í ljós og kveða niður bábiljur og fordóma.

Við erum minnug þess þegar bresk stjórnvöld beittu Íslendinga hryðjuverkalögum. Slík eru áhrif merkimiðastjórnmalanna. Stjórnvöld og kerfið auka vald sitt með jákvæðum merkimiðum á borð við baráttu gegn hatursorðræðu eða hryðjuverkum og fyrir vikið er litið fram hjá raunverulegum áhrifum.

Frjálslýndið, rétt eins og fullveldið, þarf að verja.

Áfram berast Evrópureglugerðirnar á færibandinu. Hraðinn á færibandinu virðist bara aukast og þakkarnir sem streyma eftir því stækka.

Margir þessara böggla innihalda regluverk sem tekur ekki mið af íslenskum aðstæðum.

Á þessu kjörtímabili hefur litlum fyrirtækjum á Íslandi verið gert að uppfylla kvaðir sem virðast sniðnar að stórum alþjóðafyrirtækjum. Í því felst mikil vinna og kostnaður sem rennur þá ekki í að hækka laun, ráða fleira fólk eða auka verðmætasköpun.

Ég hef heyrt reynslusögur margra sem standa í atvinnurekstri í mínu kjördæmi af viðureigninni við kerfið. Hún verður sífellt erfiðari og stundum mæta menn jafnvel óbilgirni.

Stjórnkerfið á að vera í þjónustu við almenning, ekki öfugt.

Ef kerfið er sniðið að stórfyrirtækjum dregur það úr tækifærum hinna minni og skekkir samkeppnisstöðuna, möguleika almennings á að auka tekjur sínar og búa til ný verðmæti.

Skökk samkeppnistaða bitnar auk þess á neytendum og dregur úr tekjum ríkissjóðs.

Umfang EES samningsins hefur aukist gríðarlega og hann tekur nú til sviða sem við gerðum ekki ráð fyrir þegar aðild Íslands var samþykkt.

Það er tímabært að endurmeta hvernig við nálgumst EES samninginn og hvernig við nýtum best þau ákvæði hans sem gera okkur kleift að verja hagsmuni okkar og laga regluverk að íslenskum aðstæðum.

Það sama á við um Schengen samstarfið og möguleika okkar á að verja eigin landamæri nú þegar lönd sem eru ekki aðeins aðilar að Schengen heldur einnig Evrópusambandinu hafa tekið sér aukið vald yfir eigin landamæravörslu.

Við þurfum lög og reglur sem henta íslenskum aðstæðum.

Einstöku tækifæri til að endurskipuleggja fjármálakerfið eftir uppgjör slitabúa bankanna hefur í engu verið sinnt síðast liðin fimm ár.

Báknið hefur aldrei verið stærra. Það er fjármagnað með skattgreiðslum almennings. Skattar á Íslandi eru með þeim hæstu í heimi þegar lífeyrisgreiðslur eru teknar með í reikninginn eins og eðlilegt er enda eru þær hluti af skattgreiðslum víðast hvar.

Til viðbótar við skattana hefur ríkisstjórnin hækkað hin ýmsu gjöld og bætt nýjum við. Þetta hefur veruleg áhrif á lífskjör almennings og verðmætasköpun á Íslandi.

Við þurfum hvetjandi skattkerfi. Kerfi sem refsar ekki ungu vinnandi fólki sem er að koma sér upp húsnæði og frumkvöðlum og fyrirtækjum sem skapa verðmæti fyrir samfélagið.

Slíkar tillögur munum við kynna.

Þrátt fyrir að vextir hafi verið óvenju lágir á Íslandi að undanfögnu hefur reynst erfitt fyrir ungt fólk að eignast húsnæði.

Margt leggst þar á eitt. Langvarandi skortur á lóðaframboði, íþyngjandi regluverk, aukinn framkvæmdakostnaður og skortur á *hugkvæmni* hafa þar mikið að segja. Allt þetta munum við laga meðal annars með sérstökum hvötum til uppbyggingar ekki hvað síst á landsbyggðinni.

Byggðamál hafa að mestu leyti gleymst á kjörtímabilinu.

Fyrir síðustu kosningar var orðið brýnt að bregðast við. Miðflokkurinn kynnti þá áætlunina Ísland allt. Heildstæðustu stefnu sem lögð hefur verið fram í byggðarmálum á Íslandi að minnsta kosti áratugum saman.

Við munum áfram berjast af krafti fyrir þeirri stefnu og því að landið allt verði eflt í átaki þar sem allar aðgerðir spila saman og eitt styður annað.

Á kjörtímabilinu kynntum við einnig heildaráætlun um eflingu íslensks landbúnaðar og matvælaframleiðslu en á undanförunum árum hefur verið sótt að greininni úr mörgum áttum samtímis. Með áætlun Miðflokksins getur greinin sótt fram á öllum vígstöðvum.

Við erum flokkur lausna. En til að finna bestu lausnirnar og afla þeim stuðnings þarf að gera sér grein fyrir eðli vandans og því sem gerist þegar röng leið er farinn.

Þess vegna var mikilvægt að líta yfir farinn veg nú þegar vonandi er að hefjast rökræða um framtíðina.

Í þá umræðu mætum við með skýra stefnu sem fyrr. Stefnu sem, eins og áður, verður til þess fallin að ná miklum framförum fyrir samfélagið og bæta kjör allra Íslendinga, en einkum þeirra sem hafa notið minni kjarabóta en aðrir.

Við munum bjóða fram öflugan framboðslista um allt land, lista skipaða fólki sem mun skila árangri fyrir allt landið og flokkurinn er skipaður einstöku hugsjónafólki sem getur gert hreint ótrúlega hluti, eins og dæmin sanna.

Við munum áfram reka alvöru pólitík byggða á innihaldi frekar en tómunum umbúðum, við munum þora að berjast fyrir því sem við teljum rétt, líka þegar það er erfitt og við munum gera það sem við segjumst ætla að gera.

Kjósendur munu sjá, svo ekki verður um villst, að það munar öllu um Miðflokkinn!